

79

26. maí

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

9. gr.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt lögum og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í þeim eina tilgangi, og skal ekki líða skemmra milli funda en mánaðartími.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. maí 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

80

1. júní

REGLUR

um flutning á ammoniumnitratáburði í skipum.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um flutning á ammoniumnitratáburði með skipum.

1. gr.

Ammoniumnitratáburður kallast í reglum þessum smákristallað ammoniumnitrat ($\text{NH}_4 \text{NO}_3$), sem er kornað og kornin húðuð með kisiljörð eða öðrum viðeigandi ólífrænum efnum.

2. gr.

Ammoniumnitratáburð má einungis flytja í viðurkenndum umbúðum, sem eru það vel lokaðar, að ekki er hætt á, að úr umbúðunum sáldrist við flutninginn. Viðurkenndar umbúðir eru:

- a. Vel lokuð gler- eða leirilát.
- b. Vel lokaðar dósir eða stáldúnkar.

- c. Vel lokaðar, nýjar málmumbúðir, t. d. stáltunnur. 80
- d. Margfaldir kraftpappírspokar, með einu eða fleiri rakaeinangrunarlögum. Pokarnir verða að vera vel lokaðir, svo öruggt sé að ekki sáldrist úr þeim. 1. júní

3. gr.

Umbúðir þær, sem nefndar eru undir staflíð a, b og c í 2. gr., skulu ekki vera stærri en svo, að þær rúmi meðfærilegt magn af áburði, en umbúðir þær, sem nefndar eru undir d-lið sömu greinar, mega ekki vera stærri en svo, að þær rúmi mest 50 kg.

4. gr.

Umbúðir þær, sem nefndar eru undir a- og b-lið 2. gr., skulu búnaðar hlífðar- eða ytri umbúðum, svo sem kössum úr timbri eða öðru viðeigandi efni eða sterkum riðnum körfum úr tágum eða járngjörðum. Milli ytri og innri umbúða skal vera tröð úr viðeigandi ólífrænu efni, svo öruggt sé að ytri umbúðirnar snerti ekki þær innri. Ef innri umbúðirnar eru úr gleri eða leir og á þeim háls eða stútur, skal viðeigandi hlífðarbúnaður einnig vera um hálsinn, t. d. hetta eða hálmvaf.

5. gr.

Áður en ammoniumnitratáburður er tekinn til flutnings í skip, ber skipstjóra að fullvissa sig um, að hlutaðeigandi yfirvöld hafi viðurkennt efnið hæft til flutnings í skipi.

6. gr.

Í skipum má flytja ammoniumnitratáburð á þilfari og undir því, en ekki nálægt brennanlegum varningi eða sterkum sýrum. Sprengiefni má ekki flytja í sama farmrúmi og áburðinn og heldur ekki í næsta farmrúmi við hann.

Verði ammoniumnitrat flutt í skipum til annarra landa, skal um þann flutning fara eftir reglum þess lands, sem varan er flutt til.

7. gr.

Farmrúm, sem áður hefur verið notað til flutnings á lífrænum efnum, t. d. fiski, fiskmjöli o. þ. h., skal vandlega hreinsað áður en ammoniumnitratáburður er látinn í það.

8. gr.

Merkja skal í lát það, sem ammoniumnitrat eða ammoniumnitratáburður er fluttur í, með merkiseðli „F“, sjá reglur um flutning á hættulegum varningi nr. 61 28. marz 1953.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari verða refsingu samkvæmt XI. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

10. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1954.

Ólafur Thors.

Páll Pálmarson.